



Alþingi  
Erindi nr. P / 138/2650  
komudagur 26. 2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 01.06.2010

0912028SA GB

Málalykill: 180

### Efni: Umsögn um frv. um grunngerð landupplýsinga, 549. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál, sem lagt er fram til innleiðingar á svonefndri INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins, sem tók gildi í ESB þann 15. maí 2007.

Sambandið gerir athugasemd við það að kostnaðarumsögn umhverfisráðuneytisins er ekki birt sem fylgiskjal með frumvarpinu en væntir þess að umhverfisnefnd Alþingis hafi þá umsögn undir höndum. Sambandið gerir þá athugasemd við kostnaðarumsögnina að í henni er engin tilraun gerð til þess að setja fram ákveðna niðurstöðu um kostnaðarauka sveitarfélaga þótt viðurkennt sé að hann verði a.m.k. einhver. Athygli umhverfisnefndar er því vakin á því að í greinargerð og tillögum frá Landmælingum um innleiðingu tilskipunarinnar, frá nóvember 2008, er á bls. 31 sett fram áætlun um árlegan kostnað stjórnvalda vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Þar segir að árlegur kostnaður 79 sveitarfélaga (verða 76 frá júní 2010) verði 45 m.kr. Þar af er innri kostnaður (aðallega laun) 30 m.kr. en ytri kostnaður 15 m.kr.

#### 1. Almennt um frumvarpið

Frumvarpið fjallar um landupplýsingar á stafrænu formi í eigu eða á vegum opinberra aðila. Í því felst ekki krafa um að unnar séu nýjar upplýsingar og verða sveitarfélögin því ekki fyrir auknum kostnaði af þeim sökum. Opinber gögn sem verða síðar til falla hins vegar undir tilskipunina ef þeirra er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu sem sveitarfélög gegna. Rétt er þó að hafa í huga að frumvarpið tekur ekki til prentaðra korta eða loftmynda á filmu þar sem gildissvið þess einskorðast eins og áður segir við stafræn gögn.

Frumvarpinu er m.a. ætlað að bæta úr skorti á stefnumótun á sviði landupplýsinga hér á landi. Margar opinberar stofnanir, þar á meðal sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir þeirra, þurfa á landupplýsingum að halda til að rækja hlutverk sitt. Mjög hefur hins vegar skort á fullnægjandi aðgengi að slíkum upplýsingum sem meðal annars kann að hafa leitt til þess að margir opinberir aðilar hafi keypt eða safnað sömu eða sambærilegum upplýsingum í stað þess að samnýta þau gögn sem til eru.



Sambandið telur ástæðu til að geta þess að undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar af hálfu umhverfisráðuneytisins og Landmælinga Íslands hefur á margan hátt verið til fyrirmyndar. Unnar voru skýrslur um stöðu landupplýsinga hér á landi og var m.a. framkvæmd könnun meðal sveitarfélaga til að varpa ljósi á það hvaða landupplýsingar eru til hjá sveitarfélögum, hvernig þær eru varðveittar og hvort þær eru aðgengilegar almenningi. Könnunin leiddi í ljós að ástandið er mjög misjafnt en óhætt virðist að fullyrða að fjölmennustu sveitarfélögin standa mun betur að vígi en hin fámennari, eins og vænta mátti. Framangreindir aðilar hafa jafnframt unnið skipulega að því að kynna efni tilskipunarinnar og þess frumvarps sem nú liggur fyrir.

## 2. Áhrif frumvarpsins á sveitarfélög

Þess er krafist af sveitarfélögunum samkvæmt frumvarpinu að þau geri landupplýsingar sem falla undir gildissvið laganna aðgengilegar á formi sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpinu en þar er vísað til staðalsins ÍST 120 varðandi form gagna. Skráning og uppfærsla svonefndra lýsigagna, sem verða aðgengileg í landupplýsingagátt hjá Landmælingum Íslands, og bætt ut anumhald þessara gagna hjá sveitarfélögunum, mun án efa útheimta umtalsverða vinnu og kostnað fyrir sveitarfélögin en á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að sú vinna geti staðið yfir í allmörg ár þar sem innleiðing tilskipunarinnar fer fram í áföngum.

Jafnframt má vænta aukins kostnaðar vegna krafna um tæknilega getu til að miðla gögnum og tengja þær landupplýsingagátt, sbr. 5. og 6. gr. frv., en ljóst er af frumvarpinu að gögn verði hýst og þeim viðhaldið á hverri stofnun og sveitarfélagi fyrir sig. Þar sem gögn skulu almennt látin endurgjaldslaust í té munu sveitarfélögin ekki geta mætt þessum aukna kostnaði með gjaldtöku en hugsanlegt er að sveitarfélög og jafnvel fleiri opinberir aðilar geti haft samstarf um vefhýsingu gagna og dregið þannig úr kostnaði.

Loks kann að vera að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin vegna höfundarréttargreiðslna, en eins og vikið er að í skýringum við 2. gr. frumvarpsins, ber stjórnvöldum framvegis að haga samningum um kaup á landupplýsingum með þeim hætti að heimilt verði að birta þau og gera aðgengileg í landupplýsingagátt, þrátt fyrir hugsanlegan höfundarrétt einkaaðila.

Sveitarfélögin geta á hinn bóginn haft umtalsvert hagræði af því að fá aðgang að landupplýsingum á stafrænu formi sem aðrir opinberir aðilar búa yfir og notið þannig góðs af því meginmarkmiði tilskipunarinnar að samnýta þær upplýsingar sem til eru og auðvelda yfirsýn um það hvaða upplýsingar eru þegar til staðar. Erfitt er að leggja fjárhagslegt mat á það hagræði en í skýringum við frumvarpið er bent á að kostnaður við öflun nýrra gagna getur verið mjög hár og því ótvíræður sparnaður í því fölginn að nýta betur þau gögn sem til eru.

## 3. Athugasemdir við einstakar greinar

**Um 10. gr.** Í greininni er fjallað um samræmingarnefnd vegna landupplýsinga. Þar eru taldir upp fulltrúar sex ráðuneyta sem virðast eiga



mismikilla hagsmuna að gæta. Sambandið gerir athugasemd við að í upptalninguna vantar fulltrúa dóms- og mannréttindaráðuneytisins, sem fer meðal annars með málefni Fasteignaskrár Íslands/Þjóðskrár, almannavarnir og löggæslu og á því verulegra hagsmuna að gæta.

**Um 11. gr.** Óljóst er samkvæmt greininni hver skal gefa út gjaldskrá fyrir þjónustu sem veitt er skv. 3.-5. tl. 1. mgr. 5. gr. Að áliti sambandsins mætti kveða á um að gjaldskrá hljóti staðfestingu umhverfisráðherra. Jafnframt leggur sambandið til að drög að gjaldskrá verði send Sambandi íslenskra sveitarfélaga og helstu hagsmunaaðilum til umsagnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri